Nr. 904 22. ágúst 2023

# AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi í Fjallabyggð.**

*Snorragata á Siglufirði.*

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti 18. ágúst 2023 breytingu á deiliskipulagi Snorragötu á Siglufirði. Breytingin felst í að skipulagsmörk eru færð til þannig að Norðurtangi verður utan deiliskipulags, sumum gönguþverunum og göngu- og hjólastígum hefur verið hliðrað til, nýjum stíg austan Snorragötu við Leirutanga hefur verið bætt við, hringtorgi við Norðurtún hefur verið breytt í T-vegamót, sleppisvæði við hótel hefur verið bætt við auk bryggjustúfs til móts við Gránu. Málsmeðferð var í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Fjallabyggð, 22. ágúst 2023.*

**Íris Stefánsdóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 5. september 2023